

# **Iðn – þetta er það sem ég vil læra**

Kynning á iðngreinum fyrir grunnskólanemendur

## Inngangur

Farið er yfir aðdraganda, undirbúning, framkvæmd og úrvinnslu verkefnisins Iðn – verknám á vinnustað. Tilgreint er hver næstu skref í verkefninu verða, hver framtíðarmarkmiðin eru og hvernig verkefnið mun verða kynnt skólum á Vesturlandi.

## Um verkefnið

Grunnskólinn í Borgarnesi fékk vilyrði um styrk frá Sprotasjóði og þar af leiðandi varð kleift að þróa og koma í virkni verkefninu Iðn.

Verkefnið ber heitið: Iðn – verknám á vinnustað. Verkefnisstjóri er Guðrún Steinunn Guðbrandsdóttir, kennari í hönnun og smíði. Henni til aðstoðar er Hulda Hrönn Sigurðardóttir, deildarstjóri.

Forsaga IÐN verkefnisins í Grunnskólanum í Borgarnesi nær til haustsins 2012. Þá byrjaði Anna Dóra Ágústsdóttir smíðakennari að útvíkka smíðaverkefni nemenda með því að bæta inn húsgagnaviðgerðum, breytingu eldri húsgagna o.þ.h. Þar með var hún farin að kynna fyrir nemendum húsgagnasmíði, bólstrun og hönnun. Nemendur höfðu almennt mikinn áhuga á þessu verkefni.

## Markmið verkefnis samkvæmt umsókn

Markmið verkefnisins er að þróa matsfylki á verklegri hæfni nemenda ásamt því að efla samstarf atvinnulífs og skóla í Borgarbyggð. Einnig að búa til vettvang þar sem nemendur geta þjálfað upp verkkunnáttu sína og yfirfært hana á vinnustað. Með þessu eykst vonandi áhugi á iðngreinunum. Við vonumst til að nemendur sjái að þeir geti gefið til samfélagsins með vinnuframlagi sínu og aukið þekkingu sína og víðsýni. Þeir taki ábyrgð á umgengni og notkun verkfæra og ekki síst geti þeir sagt frá mikilvægi verklegrar þekkingar í samfélaginu.

Undanfarin 10 ár hefur iðnnemum á Vesturlandi fækkað. Ástæðan er ekki kunn, en það getur haft áhrif að búið er að stofna menntaskóla með bóknámsbrautir í Borgarnesi og á Snæfellsnesi, auk þess sem útibú frá Menntaskóla Borgarfjarðar er í Dalabyggð. Verknám fer hins vegar fram á einum stað, í Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi. Nemendur úr dreifðari byggðum þurfa því að dvelja fjarri heimili, vilji þeir sækja verknám.

Atvinnutækifæri fyrir iðnaðarmenn eru næg á Vesturlandi. Á árunum 2009 – 2011 var lítið um verkefni og talið að fækkun iðnnema tengdist því, en frá árinu 2012 hefur verið nóg að gera hjá iðnaðarmönnum á Vesturlandi. Iðnaðarmenn hefur vantað til starfa og stærri fyrirtæki í héraði hafa ráðið iðnaðarmenn erlendis frá.

Verkefnið iðn er því viðleitni í þá átt að kynna nemendum þær iðngreinar sem stundaðar eru í héraði og vekja áhuga þeirra á að leggja fyrir sig iðnnám.

### **Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði**

Undirbúningur fyrir verkefnið hófst veturinn 2014 - 2015. Byrjað var á að kynna verkefnið fyrir einstaka iðnaðarmönnum og fyrirtækjum með það í huga að kanna jarðveginn fyrir

samstarf. Matsfylkið var þróað sem og settar fram væntingar um framvindu og árangur verkefnisins. Svæðið var skilgreint, þ.e. á hvaða svæði fyrirtæki sem við leituðum til væru staðsett. Svæðið var skilgreint innan bæjarmarka Borgarness. Aka þarf nemendum á staðinn, því skólinn er í elsta bæjarhlutanum, en flest iðnfyrirtækin í yngri hluta bæjarins og í Brákarey. Fyrirtækin eru þó öll innan 3,5 km ríðs frá skólanum talið. Því næst var farið skipulega yfir hvaða iðngreinar eru stundaðar í Borgarnesi. Þær eru fjölmargar.

Formlegur undirbúningur varðandi samstarfið, þ.e. skriflegt ferli og skipulag varðandi skólaárið, hófst í ágúst 2015.

Þá var komið að því að fara yfir hvaða fyrirtæki væru starfandi á svæðinu, sem hefðu möguleika á að taka að sér nema. Mörg fyrirtæki héðan eru með verkefni víðar en í Borgarnesi, en við urðum að miða sem mest við fyrirtæki sem eru með verkefni í Borgarnesi a.m.k. á þeim degi sem iðnneminn er hjá fyrirtækinu. Skilgreint var að iðn yrði ein af 10 valgreinum, sem kenndar eru í samtals 5 lotum yfir skólaárið. Fyrsta lotan var 5 vikur, en hinar fjórar eru sjö vikur hver. Ákveðið var að hver iðnnemi væri tvær klukkustundir á viku hjá fyrirtæki, en færa mátti tíma til milli vikna, ef sérstakar aðstæður hjá fyrirtækinu eða nemanum kölluðu á það.

## Frávik miðað við áætlun verkefnisins

Styrkur úr Sprotasjóði til að þróa IÐN verkefnið fékkst fyrir veturinn 2014 – 2015. Þannig háttaði til að Anna Dóra, upphafsmaður verkefnisins flutti búferlum og réði sig til starfa á Suðurlandi. Arftaki hennar í kennslu í hönnun og smíði erfði því verkefnið. Þennan vetur tókst ekki að koma verkefninu af stað, m.a. vegna breytinga í stjórn skólans. Óskað var eftir framlengingu verkefnisins um eitt ár. Það leyfi fékkst og stefnt var að iðn verkefninu veturinn 2015 – 2016.

## Helstu hindrarnir sem komu upp við vinnu verkefnisins

Það var svolítið þúsluspil að láta óskir nemenda og framboð iðngreina passa saman. Matreiðsla var til dæmis mjög vinsæl hjá nemum, en ekki nægilega mörg iðnnemarymi í boði. Það vantar ekki veitingastaðina í Borgarnes, en skilyrði fyrir staði til að geta tekið iðnnema var að menntaður iðnaðarmaður væri þeirra leiðbeinandi. Einnig voru óskir hjá nokkrum nemum um að vera í iðnkynningu á bifreiðaverkstæði. Það reynist líklega ekki mögulegt að uppfylla óskri allra hvað það varðar í vetur.

Það var tiltölulega auðvelt að fá fyrirtæki til samstarfs, eftir góða kynningu á því út á hvað verkefnið gengi, en eins og fram hefur komið eru mörg fyrirtækin með verkefni utan Borgarness og því erfitt að taka við nema sem þarf að vera í skólanum fyrri hluta dagsins.

Ein hindrunin, sem leyst var í samstarfi við kennara viðkomandi nemenda var að annatími fyrirtækja, þar sem mest var hægt að fá að sjá og gera, var ekki á þeim tíma sem skilgreindur var til verkefnisins í stundatöflu nemenda. Þá var samið við kennara um að nemandi færi í iðnverkefnið á kennslutíma. Þetta átti til dæmis við um bakarí, þar sem nemandi mætti kl. 6 að morgni og mætti örlítið seinna í skólann (kl. 9) og veitingastað, þar sem nemandi mætti kl. 9 – 12 til að geta tekið þátt í undirbúningi fyrir hádegisverð.

## Helstu ávinningar af vinnu við verkefnið, jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfar eða samhliða verkefnisvinnu

Með verkefninu er komið á virku samstarfi grunnskólans og atvinnulífs í Borgarnesi. Nemendur öðlast þekkingu á þeim iðngreinum sem stundaðar eru í bænum og verða þannig meðvitaðri um atvinnulífið. Með því að taka þátt í vinnu á vinnustað, nokkrar vikur í röð,, öðlast nemendur meiri þekkingu á iðngreinum og hvað er áhugavert við að starfa við mismunandi iðngreinar. Reynslan hefur sýnt að þeir nemendur sem hafa ekki náð að virkja áhugann í bóknáminu í skólanum, sýna flestir á sér aðra hlið þegar kemur að verknámi á vinnustað. Nemendur velja sjálfir þær iðngreinar sem þeir vilja kynna og flestir geta valið iðngrein sem tengist þeirra áhugasviði. Það er yndislegt að fylgjast með nemendum á vettvangi, sem njóta sín í þeim verkefnum sem þeim eru falin, segja má að þarna nái þeir einbeitingu við verkefnið, sem stundum skortir á þegar setið er við borð í skólastofunni. Meiri áhugi leiðir af sér meiri virkni og einbeitingu.

## Mat á verkefninu samkvæmt umsókn

Verkefnið hefur haft þau jákvæðu áhrif á skólastarfið í vetur að koma á tengslum milli grunnskólans og atvinnulífs, virkja nemendur sem annars sýna lítinn áhuga og aukið fjölbreytni í skólastarfinu. Það er athyglisvert að enginn nemandi sem skráður hefur verið í iðn, hefur verið í veikindaleyfi á þeim degi sem mæting er á vinnustað. Hafi nemendur þurft að taka leyfi, t.d. vegna ferðalags, þá hefur verið samið við viðkomandi fyrirtæki um að færa mætingu milli daga. Enginn af þeim nemendum sem völdu iðn, hefur óskað eftir því að skipta um valgrein, sem er algengt í hefðbundnum valgreinum, né heldur kvartað yfir verkefnum eða aðbúnaði.

## Niðurstöður verkefnisins

Markmið verkefnisins voru að kynna og auka áhuga á iðngreinum, þróa leiðir til að meta nám á vinnustað og efla samstarf skóla og atvinnulífs. Að okkar mati hafi þessi markmið náðst þrýðilega. Að auki hefur verkefnið gert kleift að auka fjölbreytni í þeim valgreinum sem boðið er upp á í skólanum. Matsfylki til að meta verklega hæfni hefur verið notað og staðfært eftir því sem reynsla af framkvæmd verður meiri. Drög að handbók verkefnisins eru tilbúin og verða fullfrágengin í vor, því við erum enn að safna í reynslubankann. Búinn hefur verið til vettvangur samstarfs fyrirtækja og grunnskólans með það að leiðarljósi að kynna nemendum iðngreinar, auka áhuga þeirra og efla verklega hæfni.

Verkefnið hefur leitt það af sér að nemendur öðlast þekkingu á því sem fram fer í fyrirtækjunum og sú þekking skilar sér að einhverju leyti til samnemenda, kennara og aðstandenda í formi frásagna. Eins og fram hefur komið eru fjarvistir nema í iðn engar. Það er til marks um mikinn áhuga á viðfangsefninu, að okkar mati. Matsfylkið hefur verið notað í tveimur lotum og hefur gefist vel. Þriðja lotan er hafin. Í undirbúningi hvarrar lotu er matsfylkið kynnt fyrir nemendum, viðtakendum þeirra hjá fyrirtækjunum og foreldum. Foreldrar skrifa undir samþykki þess efnis að nemandi megi stunda nám á vinnustaðnum, fulltrúi vinnustaðar skráir sitt samþykki, auk þess sem neminn skrifar samþykki þess efnis að

virða vinnustaðareglur og öryggiskröfur. Grunnskólinn keypti tryggingu hjá Sjóvá, sérstaklega vegna þessa verkefnis því hefðbundnar tryggingar skóla ná ekki yfir nemendur á vinnustöðum í verkefni sem þessu, jafnvel þó það fari fram á skólatíma.

Það hefur komið skýrt fram við framkvæmd verkefnisins hve fyrirtækin í Borgarbyggð eru tilbúin til samstarfs við skólann. Nemendur fá verðug verkefni á vettvangi og það viðheldur áhuga þeirra. Unnið var myndband um nema á vettvangi í lotu 1 og 2. Nemendur úr skólanum unnu það myndband undir leiðsögn verkefnisstjóra og fengu tilsögn frá þáttarstjórnanda á RÚV. Myndbandið sýnir að nemendum eru falin verðug verkefni á vinnustað, þeir nota viðeigandi öryggisbúnað og hafa ánægju af verkefninu. Hér er tengill á myndbandið: <https://www.youtube.com/watch?v=kkzrrCqoiM4&feature=youtu.be> Myndbandið er falið á youtube.com og því einungis aðgengilegt á heimasíðu verkefnisins. Heimasíðan er lifandi vettvangur þar sem birtar eru upplýsingar um verkefnið, um samstarfsfyrirtæki, myndir af nemum á vettvangi og fleira. Annað myndband mun verða unnið um verkefnið á vorönn. Stefnt er að því að heimasíðan verði sá vettvangur þar sem myndefni og upplýsingum er safnað samana. Það gerir verkefnið aðgengilegra fyrir þá sem vilja kynna sér það og jafnvel koma upp svipuðu verkefni. Slóðin á heimasíðuna er: [www.idn.grunnborg.is](http://www.idn.grunnborg.is)

Fjöldi nemenda og fyrirtækja sem taka þátt hefur smám saman aukist eftir því sem líður á verkefnið. Valgreinin iðn- verknám á vinnustað, mun tvímælalaust verða kennd áfram við Grunnskólann í Borgarnesi, auk þess sem við munum leitast við að kynna verkefnið í öðrum skólum, til að fleiri geti nýtt sér það. Áætlað er að kynna verkefnið í tveimur grunnskólum á Vesturlandi á vorönn 2015. Aðrir skólar á Vesturlandi fengju sendan kynningarpóst um verkefnið, þar sem vísað væri á heimasíðuna og myndbandið. Greinar um verkefnið munu verða birtar í héraðsfréttablaðinu Skessuhorni og í Morgunblaðinu.

## Afrakstur verkefnisins

Við höfum í höndunum drög að handbók, fullgert matsfylki og skipulag verklegrar kennslu á vinnustað sem mun vafalaust nýtast okkur vel næstu árin. Ánægðir nemendur sem missa ekki úr einn einasta tíma í verknámi á vinnustað eru sönnun þess að við erum á réttri leið í þessu verkefni. Heimasíðan mun nýtast okkur vel til að halda til haga upplýsingum um verkefnið og miðla þeim til annarra kennara. Við erum ánægðar með hvernig til hefur tekist með verkefnið. Nemendur eru áhugasamir og taka þessari góðu viðbót við hefðbundið nám, fagnandi.

Dagsetning: 14. desember 2015

**Guðrún Steinunn Guðbrandsdóttir, verkefnisstjóri**  
**Hulda Hrönn Sigurðardóttir, deildarstjóri**  
**Júlía Guðjónsdóttir, skólastjóri**